

## Fundargerð

### 41. stjórnarfundur FHA haldinn 14. nóvember, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Þóra Rósa Geirsdóttir (ÞR) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um orðalagsbreytingar og lagfæringar á stafsetningarvillum.

2. Kjaramál

Ársmatssjóður var greiddur út. Í fyrsta sinn var greiðslan sú sama og hjá HÍ. Rætt um að næst yrði umsóknarferli til að fá úr sjóðnum. Sótt yrði um sjóðinn að vori og greitt að hausti. Ákveðið að setja inn tilkynningu á vef félagsins og óskað eftir umræðu á næsta aðalfundi.

Rætt um fulltrúa í háskólaráði. Það fyrirkomulag er nú breytt en þeir fulltrúar eru nú kosnir á háskólafundi.

Rætt um ráðstefnu sem bar yfirskriftina „greining á launakerfi háskólamenntaðra hjá ríkinu, frá sjónarhorni notenda“ sem Hjördís fór á fyrir sunnan. Einnig var ætlunin að fara á aðra ráðstefnu hjá ríkissáttasemjara um samningagerð og gerð kjarasamninga, en vegna veðurs var ekki farið á þá ráðstefnu.

3. Önnur mál

Opinn fundur/ námskeið: Þórkötl Aðalsteinsdóttur hjá Lífi og Sál mun koma og halda tvö námskeið, annað frá klukkan 9-12 og hitt frá 13-16. Sameiginlegur hádegisverður verður fyrir starfsmenn. Ræða á við Friðbjörn um að hafa þetta á Borgum. Rætt um að fá yfirstjórn til að greiða fyrir námskeiðið en félagið mun greiða mat og kaffi auk þess að sjá um umsýslu.

Tvær umsóknir hafa borist í námssjóð, GKÓ sér um og gengur frá.

Rætt um að hafa opinn félagsfund með Helga Gestu um flokkun námskeiða og útreikning. Sá fundur er enn ódagsettur en stefnt á það í janúar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:00  
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.